

Nr. 1.
25.
febrúar.

Tilskipun

um

að vernd sú, sem heimiluð er fyrir vörumerki með lögum 13. nóv.
1903, skuli einnig ná til brezku nýlendnanna
Fidjiejanna og Mauritius.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Að með því að þeim, sem reka á Íslandi verksmiðjuíðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnam, verzlun eða aðra atvinnu, er veittur sami kostur á að öðlast vernd á vörumerkjum í brezku nýlendunum Fidjiejjunum og Mauritius eins og þegnunum í þeim löndum, þá viljum Vjer hjer með samkvæmt heimild þeirri, sem veitt er í 15. gr. laga um vörumerki 13. nóv. 1903, skipa svo fyrir, að þeir, sem reka verksmiðjuíðnað eða handiðnað, jarðrækt, málmnam, verzlun eða aðra atvinnu í hinum framangreindu brezku nýlendum, skuli verða þeirrar verndar á vörumerkjum, sem tjeð lög heimila, aðnjótandi með sömu skilyrðum og sett eru í tilskipun 20. júlí 1907 með tilliti til Bretlands hins mikla og Írlands.

Tilskipun þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 25. febrúar 1910.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jónsson.

Anordning,

hvorved

Nr. 1.
25.
Februar.

den i Loven af 13. Novbr. 1903 hjemlede Beskyttelse for Vare-
mærker gøres anvendelig i Forhold til de britiske Kolonier
Fiji og Mauritius.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg.

Gøre vitterligt: At da der er sikret dem, som i Island drive Fabriks- eller Haand-
værksvirksomhed, Jordbrug, Bjærgværk, Handel eller anden Næring samme Ad-
gang til Beskyttelse for Varemærker i de britiske Kolonier Fiji Islands og Mauritius
som disses egne Undersaatter, saa ville Vi i Henhold til den Bemyndigelse, som dertil
er givet ved Lov om Varemærker af 13de Novbr. 1903 § 15, herved have anordnet, at
den Beskyttelse for Varemærker, som nysnævnte Lov hjemler, skal ogsaa blive dem
til Del, der i de fornævnte britiske Kolonier drive Fabriks- eller Haandværksvirksom-
hed, Jordbrug, Bjærgværk, Handel eller anden Næring, under samme Betingelser som
i Anordning af 20de Juli 1907 ere fastsatte i Forhold til Storbritannien og Irland.

Denne Anordning træder straks i Kraft.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 25. Februar 1910.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Björn Jonsson.